

málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er látið hefir mæta, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. dez. 1931.

Nr. 94/1931. **Valdstjórnin** (Theódór B. Líndal)

gegn

Bæjarstjórn Ísafjarðar

(Stefán J. Stefánsson).

Ómerking.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 6. júní 1931: Kærður, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, sæti 50,00 króna sekt í rikissjóð. Svo greiði og kærður allan af málinu löglega leiðandi kostnað

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Refsimáli þessu er beint gegn bæjarstjórn Ísafjarðar, en eigi gegn neinum ákveðnum manni eða mönnum, sem forráðamönnum bæjarfélagsins og með því að refsingu eigi verður komið fram við ópersónulegar stofnanir, þá er hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins fyrir lögregluréttinum lögleysa, sem ómerkja ber ex officio. Með því að héraðsdómaranum eigi hefir verið stefnt til ábyrgðar, verður allur sakarkostnaður að greiðast af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins frá upphafi fyrir lögregluréttinum á að vera

ómerk. Sakarkostnaður allur greiðist af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theódórs B. Lindsals og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 50 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar fyrir brot á lögum nr. 56, 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Tildrög málsins eru þessi. Þann 12. nóv. f. á. byrjaði kærður að halda kvikmyndasýningar hér í bænum, en áður hafði kærður samþykkt reglugerð um fyrirtækið, sem sé reglugerð fyrir Kvikmyndahús Ísafjarðarkaupstaðar.

Tilkynnti lögreglustjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytinu reksturinn, með bréfi, dags. 5. dez. f. á., sendi því reglugerðina og fór fram á, að það yrði undanþegið skemmtanaskatti samkv. 3. gr. laganna. En með bréfi, dags. 23. jan. þ. á., tilkynnti ráðuneytið að fyrirtækið væri eigi undanþegið skemmtanaskatti samkvæmt téðum lögum. Tilkynningu um þetta fékk bæjarstjórnin með bréfi lögreglustjóra, dags. 10. febr. þ. á., jafnframt og gerð var krafa um greiðslu skemmtanaskatts.

Í 5. gr. reglugerðarinnar er ákveðið, að allur ágóði af fyrirtækinu, að svo miklu leyti sem hann eigi er bundinn í rekstrinum, renni í sjóð, er heitir Menningarsjóður Ísafjarðarkaupstaðar, skal þeim sjóði einungis varið til almenningsheilla, svo sem nánar er útlistað í greininni.

Kærður telur því, að kvikmyndasýningar þessar beri að skoða sem skemmtun, er haldin sé í góðgerðarskyni til styrktar málefni, er miði að almenningsheill, og sé því undanþegin skemmtanaskatti samkv. 3. gr. laganna.

En á þetta verður eigi fallið.

Að réttarins áliti eru kvikmyndasýningar, reknar að staðaldri, í þar til gerðu kvikmyndahúsi eins og hér á sér stað, sérstakur flokkur skemmtana, er eigi verða taldar meðal þeirra skemmtana, er 3. gr. laganna undanþiggur skemmtanaskatti.

Með því nú að umgetið fyrirtæki er eigi sérstaklega undanþegið skemmtanaskatti telst það skattskyldt samkv. 2. gr. laga nr. 56, 1927, og með því að kærður hefir eigi viljað eða talið sér skyldt að greiða skemmtanaskatt, er um brot á 2. grein laganna að ræða af hálfu kærðs, og á ákærður að sæta sekt fyrir það, er þykir hæfilega metin 50 krónur samkv. 7. gr. téðra laga, og rennur sektin í rikissjóð. Svo ber og kærðum að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Á málinu hefir enginn óþarfadráttur orðið.

Föstudaginn 4. dez. 1931.

Nr. 49/1931. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)

gegn

Albert Green (Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólagi.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 7. apríl 1931: Kærður, Albert Green, sæti 2500 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 2 mánuði í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 2. málsgrein 3. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, ber því að staðfesta hinn áfrýjaða lögregluréttardóm, þó með þeirri breytingu, að refsing kærða, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er nú 55,14 gullaurar, ákveðst 3600 kr. sekt til Landhelgisjóðs.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,